

JÖKLABORG– MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Febrúar 2016

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Inngangur	4
Leikskólinn Jöklaborg	4
Greining	5
Stjórnun	6
Uppeldis- og menntastarf	7
Mannauður	8
Leikskólabragur	9
Innra mat	10

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Jöklaborg sem fram fór í febrúar 2016. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: – að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í febrúar 2016 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 15.-19. febrúar. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN JÖKLABORG

Leikskólinn Jöklaborg tók til starfa árið 1988 og er staðsettur við Jöklael 4, 109 Reykjavík.

Í leikskólanum eru sex deildir og 108 börn voru á leikskólanum í október 2015. Yngstu börnin eru á Heimahlíð, Heimalund og Heimahöll. Á Heimaseli og Heimabóli eru börnin 3-6 ára og á Heimakoti eru börnin 4-6 ára.

Leikskólastjóri er Anna Bára Pétursdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Eyrún Signý Gunnarsdóttir.

Styrkleikar:

Leikskólastjóri leggur áherslu á mannauð og samskipti í samstarfi við starfsfólk, börn og foreldra. Starfsfólk finnur að framlag þess til leikskólans er metið. Leikskólinn er með ítarlegar verklagsreglur sem snúa að mannauðsmálum sem nýtast starfsfólk og eru aðgengilegar. Fjölbreytt og virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu.

Jákvæð samskipti og umhyggja voru einkennandi í samskiptum við börnin. Í vinastund birtast áherslur leikskólans, virðing, vinátta og samkennd. Jákvætt viðhorf er til barna sem þurfa stuðning og starfsfólk er lausnamiðað. Foreldrar eru reglulega upplýstir um stöðu barna sinna.

Starfsfólk er ánægt með stefnu leikskólans.

Gott samstarf er á milli deilda þar sem börn og starfsmenn vinna saman í vali, listasmiðju, vinastund og útiveru. Starfsfólk leiðbeinir og styður við hvert annað. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Starfsfólk er ánægt með starfsandann í leikskólanum og með samskiptin.

Bæði starfsfólk og börn læra í leikskólanum. Virðing og samkennd einkennir samskipti starfsmanna við börnin. Samtöl við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi.

Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og telja að markvisst sé unnið að henni. Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna og finnst þeir vera velkomnir í leikskólann.

Börnunum líður vel í leikskólanum, þau nefna marga þætti í leikskólastarfinu sem þeim þykja skemmtilegir; salurinn, vera í tölvunni, fá að vera umsjónarmaður, val á milli deilda og þeim finnst gaman að eiga afmæli í leikskólanum. Gaman að sauma í saumavél og búa til búninga fyrir öskudaginn. Skemmtilegt í listasmiðjunni, mála á trönurnar og líka að mála með rúllu á blað.

Greinargerð um innra mati er birt opinberlega og þar koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður.

Tækifæri til umbóta:

Deildarstjórar fá meiri ábyrgð og taki oftari þátt í verkefnum stjórnendateymis. Stjórnendateymi sjái til þess að deildarstjórar fái samningsbundinn undirbúningstíma og auki markvisst daglegt upplýsingaflæði til starfsmanna. Framkvæmdaáætlun um læsi verði gerð fyrir leikskólaárið.

Endurskoða leikefni og efnivið út frá kynbundnum leikefnum og margbreytileika mannlífsins. Samræma á milli deilda áherslur í leikefni út frá stefnu leikskólans. Gefa börnum markvisst tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á lýðræði og jafnrétti. Sjá til þess að markvisst verði unnið með sjálfbærni, vísindi og sköpun í leikskólanum.

Gerð verði áætlun um mat á námi og velferð barna. Fjölbreytt gögn liggja til grundvallar við mat á námi og velferð barna. Börn fái tækifæri til að koma með tillögur að eigin námi. Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í vinnu með þeim.

Sjá til þess að deildarfundir verði haldnir reglulega og verði vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar. Fundargerðir foreldraráðs verði settar á heimasíðu leikskólans.

Í skólanámskrá komi fram áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann og þar verði einnig fjallað um hvernig markmið skólans verði metin.. Starfsfólk leikskólans taki þátt í að ákveða forgangsröðun í innra mati. Í greinargerð verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

Það sem vel er gert:

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð í leikskólastarfinu. Starfsmenn þekkja stefnu leikskólans og geta nefnt dæmi um hvernig unnið er að henni. Stjórnendateymi fundar vikulega og fylgist með hvernig gengur að vinna að stefnunni. Leikskólastjóri leggur áherslu á mannauð og samskipti í samstarfi við starfsfólk, börn og foreldra. Starfsfólk finnur að framlag þess til leikskólans er metið.

Verklagsreglur vegna eineltis eru til og unnið er eftir þeim. Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir. Leikskólinn er með ítarlegar verklagsreglur sem snúa að mannauðsmálum eru aðgengilegar og nýtast vel starfsfólki.

Fjölbreytt og virkt samstarf er við aðila í grenndarsamfélaginu. Litið er á foreldra og börn sem samstarfsaðila. Leikskólastjóri hvetur til þróunarstarfs í leikskólanum.

Umbótaáætlun byggir á stefnu leikskólans. Samræmi er milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar. Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur leikskólans. Starfsáætlun og skólanámskrá eru lögð fyrir foreldraráð til umsagnar.

Tækifæri til umbóta:

Leikskólastjóri hvetji starfsfólk markvisst til virkrar þátttöku í símenntun. Deildarstjórar fái meiri ábyrgð og taki oftari þátt í verkefnum stjórnendateymis. Leikskólastjóri sjái til þess að starfsþróunarsamtöl fari fram árlega.

Unnið verði eftir verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna. Stjórnendateymi sjái til þess að deildarstjórar fái samningsbundinn undirbúningstíma og auki markvisst daglegt upplýsingaflæði til starfsmanna.

Starfsfólk verði hvatt til og gert mögulegt að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi. Starfsmannahandbók verði gerð aðgengileg á deildum. Starfsfólk fái fræðslu um tilkynningaskyldu til barnaverndar. Öryggis- og rýmingaráætlun verði endurgerð. Framkvæmdaáætlun um læsi verði gerð fyrir leikskólaárið.

Það sem vel er gert:

Skipulag húsnæðis er gott og rými er fyrir samskipti og samstarf allra í leikskólanum. Dagskipulag er endurskoðað reglulega. Gott svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leikskólanum, í útiveru og í salnum.

Jákvæð samskipti og umhyggja voru einkennandi í samskiptum við börnin. Starfsfólk gætir þess að hvert barn fái notið sín. Leik barna er gefið gott svigrúm í dagskipulagi. Komið er til móts við börnin þegar þau vilja skipta um viðfangsefni. Markvisst er unnið með heimamenningu barna.

Í vinastund birtast áherslur leikskólans, virðing, vinátta og samkennd.

Ábyrgðarmaður sérkennslu er hluti af stjórnunarteymi skólans og virkt samstarf er milli ábyrgðarmanns sérkennslu, deildarstjóra og starfsmanna deilda. Jákvætt viðhorf er til barna sem þurfa stuðning. Starfsfólk er lausnamiðað.

Foreldrar eru reglulega upplýstir um stöðu barna sinna.

Tækifæri til umbóta:

Endurskoða leikefni og efnivið út frá kynbundnum leikefnum og margbreytileika mannlífsins. Gefa börnum markvisst tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á lýðræði og jafnrétti. Samræma á milli deilda áherslur í leikefni út frá stefnu leikskólans.

Leikskólinn taki þátt í samfélagsverkefnum í samstarfi við börnin. Nýta umhverfi leikskólans markvisst til þekkingarleitar. Skoða þarf hvernig jafnrétti og lýðræði birtist í starfi leikskólans og leikefni.

Gerð verði framkvæmdaáætlun vegna læsisáætlunar. Auka aðgengi barna að bókum, táknum, myndmáli, ritmáli og tölum. Sjá til þess að markvisst verði unnið með sjálfbærni, vísindi og sköpun í leikskólanum. Sjá til þess að lögð verði áhersla á ferlið fremur en afurðina í sköpunarþættinum og markvisst verði unnið með sköpun á deildum.

Leggja mætti meiri áherslu á að vinna með börnin með stuðning innan barnahópsins. Gerð verði heildarstefna varðandi börn með hegðunarfrávik.

Gerð verði áætlun um mat á námi og velferð barna. Fjölbreytt gögn liggi til grundvallar við mat á námi og velferð barna. Börn fái tækifæri til að koma með tillögur að eigin námi.

Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í vinnu með þeim. Skráningar verði varðveittar með skipulögðum hætti og starfsfólk fái leiðbeiningar og stuðning við gagnasöfnun og skráningu.

Mat barna á leikskólastarfi birtist í umbótaáætlun.

Það sem vel er gert:

Leikskólakennarar/deildarstjórar leiða starfið á deildunum og eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Starfsfólk er ánægt með stefnu leikskólans. Áhersla leikskólans á samskipti er sýnileg á deildum.

Gott samstarf er á milli deilda þar sem börn og starfsmenn vinna saman í vali, listasmiðju, vinastund og útiveru.

Starfsfólk leiðbeinir og styður við hvert annað. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Starfsfólk er ánægt með starfsandann í leikskólanum og með samskiptin.

Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf.

Tækifæri til umbóta:

Sjá til þess að deildarfundir verði haldnir reglulega og viðfangefni þeirra verði börn, nám þeirra og staða. Deildarfundir verði vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.

Það sem vel er gert:

Gott andrúmsloft, jákvæður andi og gleði ríkir í leikskólanum. Samvinna starfsfólks er sýnileg í starfi. Bæði starfsfólk og börn læra í leikskólanum. Virðing og samkennd einkennir samskipti starfsmanna við börnin. Samtöl við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi.

Foreldraráð Jöklaborgar hefur sett sér starfsreglur. Foreldrafélag og foreldarráð eru virkir samstarfsaðilar leikskólans. Heimasíða leikskólans er virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar. Upplýsingum er miðlað til foreldra á fjölbreyttan hátt.

Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans og telja að markvisst sé unnið að henni. Foreldrar telja að barninu líði vel í leikskólanum. Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna og finnst þeir vera velkomnir í leikskólann.

Börnunum líður vel í leikskólanum, þau nefna marga þætti í leikskólastarfinu sem þeim þykja skemmtilegir; salurinn, vera í tölvunni, fá að vera umsjónarmaður, val á milli deilda og þeim finnst gaman að eiga afmæli í leikskólanum. Gaman að sauma í saumavél og búa til búninga fyrir öskudaginn. Skemmtilegt í listasmiðjunni, mála á trönurnar og líka að mála með rúllu á blað. Á vettvangi var sýnilegt að mikil virðing er borin fyrir börnunum í samskiptum við þau.

Tækifæri til umbóta:

Börn verði þátttakendur í að búa til reglur í leikskólanum. Starfsfólk skoði tilgang með því að hafa skammarkrók.

Fundargerðir foreldraráðs verði settar á heimasíðu leikskólans. Gerð verði áætlun um skipulagt verklag í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál.

Það sem vel er gert:

Áætlun um innra mat á skólaárinu liggur fyrir og mat á starfsháttum fer fram reglulega. Greinargerð um innra mati er birt opinberlega og þar koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður. Niðurstöður innra mats eru kynntar formlega fyrir starfsfólki.

Tækifæri til umbóta:

Í skólanámskrá komi fram áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann og þar verði einnig fjallað um hvernig markmið skólans verði metin. Sett verði fram viðmið um þann árangur sem leikskólinn stefnir að.

Fjallað verði um í starfsáætlun, að hve miklu leiti markmið hafa náðst. Gerð verði grein fyrir umbótum byggð á niðurstöðum í ytra mati. Starfsfólk leikskólans taki þátt í að ákveða forgangsröðun í innra mati.

Gerð verði grein fyrir umbótum sem byggja á niðurstöðum í ytra mati. Í matsáætlun verði sett fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Í greingargerð verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Í umbótaáætlun verði tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólapróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.